

## Sp. 19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um málefni myndlistarmanna.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa í samvinnu við Samband íslenskra myndlistarmanna nefnd er vinni að tillögum um úrbætur í hagsmunamálum myndlistarmanna.

Bendir Alþingi á eftirfarandi atriði sem rétt er að nefndin hafi til hliðsjónar:

1. Að undirbúin verði stofnun Launasjóðs myndlistarmanna með tekjum eins og bent var á í ályktun myndlistarþings 1985.
2. Að fullgild aðild Íslands að Flórens-sáttmála varðandi flutning listaverka milli landa verði tekin til athugunar og ákveðin á næsta þingi.
3. Að samín verði drög að lagafrumvarpi sem tryggi betur en nú er gert að myndlistarmenn fái notið réttar síns samkvæmt höfundalögum.
4. Að ákveðið verði hvernig ríkið styður framvegis Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.
5. Að sveitarfélög taki fullan þátt í átaki til að efla myndlistarstarfsemi.
6. Að Listskreytingasjóður fái það fjármagn sem honum er ætlað samkvæmt lögum.
7. Að farið verði yfir tillögugerð myndlistarmanna frá síðustu árum og þær tillögur hagnýttar sem nefndin kemur sér saman um.

Nefndin ljúki störfum svo fljótt að unnt verði að taka álit hennar til meðferðar á næsta löggjafarþingi.

### Greinargerð.

Samband íslenskra myndlistarmanna efndi til myndlistarþings vorið 1985 undir yfirskriftinni „Myndlist sem atvinna“. Á þinginu komu fram margar ábendingar og tillögur um hagsmunamál myndlistarmanna sem nauðsynlegt er að Alþingi gefi gaum. Þess vegna er þessi tillaga til þingsályktunar flutt á ný, en hún hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi.

Hér fara á eftir í heild ályktanir þær og ábendingar sem samþykktar voru á myndlistarþinginu vorið 1985:

## MYNDLISTARÞING 1985

„Myndlist sem atvinna“

### Ályktanir og ábendingar þingsins.

Myndlistarþing 1985 telur hag myndlistar standa höllum fæti miðað við aðrar listgreinar.

Þrátt fyrir einstæðan áhuga almennings á myndlistum eru listasöfn enn í fjársveldi og geta því ekki framfylgt lögum sínum.

Hráefni og tæki til myndlista hafa verið tolluð árum saman meðan aðrar listgreinar fá niðurfellingu gjalda.

Höfundarréttur er enn ekki virtur sem skyldi og ekki tekið tillit til myndlista í gerðardómi vegna ljósritunar kennsluefnis í skólum.

Þörfum fyrir vinnustofur hefur lítið sem ekki verið sinnt.

Myndlistarþing telur þó brýnast mála, að stofnaður verði Launasjóður myndlistarmanna til að jafna hag þeirra svo að fleiri geti nýtt menntun sína og kunnáttu að fullu.

Nú vinnur þingskipuð nefnd að heildarendurskoðun sjóða vegna lista. Bindur þingið vonir við starf hennar og væntir leiðréttinga fyrir myndlistarmenn.

### Sjóðir og laun.

Vegna kröfu um stofnun Launasjóðs myndlistarmanna vísar þingið til hliðstæðra sjóða í öðrum listgreinum og beitir sömu rökum og voru fyrir stofnun þeirra. Bendir þingið á ýmsar leiðir til fjáröflunar í slíkan sjóð, m. a. söluskatt af endursölu listaverka á uppboðum og söluskatt af efni til listiðju. Öðrum tillögum til tekjuöflunar í sjóðinn, svo sem ákveðnum hundradshluta af sölu listaverka á sýningum og greiðslum fyrir höfundarrétt verka í opinberri eigu, vísar þingið til nánari umfjöllunar SÍM.

Myndlistarþing lýsir ánægju sinni vegna stofnunar menningarsjóða sveitarstjórna og fyrirtækja. Jafnframt hvetur þingið þau bæjar- og sveitarfélög, sem bolmagn hafa til, til að taka upp þann hátt Reykjavíkurborgar að veita árlega starfslaun listamanns.

Þingið lýsir ánægju sinni yfir starfslaunum Reykjavíkurborgar til myndlistarmanns en mælist til að þeim verði fjölgað og með þau farið að lögum varðandi launatengd gjöld.

Þingið telur að Íslandi beri nú þegar að gerast fullgildur aðili að Flórens-sáttmálanum um tollfrjálsan flutning listaverka milli landa en tollhömlur hafa skapað mikinn vanda í sýningum íslenskra listamanna erlendis.

### Höfundarréttur.

Myndlistarþing ítrekar ályktun frá þinginu 1981 að of hægt miði til þess að myndlistarmenn fái notið réttar síns samkvæmt höfundalögum.

Enn búa myndlistarmenn við það óréttlæti, einir listamanna, að ekkert fast umsamið endurgjald er fyrir birtingu hugverka þeirra á opinberum vegum. Við slíkt verður ekki unað öllu lengur.

Myndlistarþing beinir þeim tilmælum til stjórnar Sambands íslenskra myndlistarmanna að könnuð verði réttarstaða myndlistarmanna varðandi greiðslur fyrir ljósritun á hugverkum þeirra í skólum, í kjölfar gerðardóms þess er féll hinn 4. maí 1984 um greiðslur ríkisins til höfunda vegna ljósritunar.

### **Söfn og gallerí.**

Myndlistarþing knýr á um það að við stjórnun og rekstur listasafna skuli sérfræðileg menntun á sviði myndlistar gerð að skilyrði. Forstöðumenn séu ráðnir tímabundinni ráðningu og til stjórnunar og stefnumótunar en ekki sem framkvæmdastjórar stjórnar heldur hafi sér til fulltingis ráðgjafarnefnd.

Rekstur sölu- og sýningasala myndlista má heita nýr hérlendis en þeir hafa þegar sannað hlutverk sitt í menningarlífi og listmiðlun. Þess er vænst að viðkomandi yfirvöld veiti nauðsynlega fyrirgreiðslu svo að þeir megi gegna hlutverki sínu.

Myndlistarþing 1985 fagnar stofnun Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og skorar jafnframt á stjórnvöld ríkis og borgar að styðja þetta merka framtak einart og afdráttarlaust svo að hús Sigurjóns Ólafssonar fái að standa óhöggð á sínum stað á Laugarnesi með því safni listaverka er hann skildi þar eftir sig. Því aðeins væri það þjóðinni til sæmdar að hér væri vel stutt að, svo sem sæmir minningu þessa mikla listamanns og brautryðjanda.

### **Listskreytingar.**

Myndlistarþing 1985 fagnar stofnun Listskreytingasjóðs ríkisins en að gefnu tilefni skorar þingið jafnframt á stjórnvöld að þau virði lög um að 1% af byggingarkostnaði ríkisins fari til sjóðsins og gæti þess að fé til sjóðsins verði ekki skert.

Jafnframt er skorað á sveitarfélög að taka fullan þátt í fjármögnun sjóðsins enda eiga þau hagsmuna að gæta og eiga fulltrúa í stjórn Listskreytingasjóðs.

Jafnframt er athygli borgar- og bæjaryfirvalda vakin á því að á síðustu árum hefur mjög dregið úr kaupum höggmynda fyrir opinbera staði.

### **Húsnæðismál.**

Myndlistarþing mælist til þess að skipuð verði nefnd til að kanna hvaða kostir séu á húsnæði fyrir vinnustofur listamanna í eldri hverfum borgarinnar. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Arkitektafélagi Íslands, menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg.

Því er beint til skipulagsyfirvalda að þau geri ráð fyrir lóðum á nýbyggingasvæðum þar sem reist verði íbúðarhús með vinnustofum fyrir listamenn.

Myndlistarþing krefst þess af viðkomandi aðilum að heiðursbústað Jóhannesar Kjarvals á Seltjarnarnesi verði skilað aftur og húsið nýtt svo að sem bestum notum komi fyrir myndlist. Aðeins þannig verði upphaflegri ætlun hússins fullnægt. Jafnframt gerir þingið þá kröfu að greitt verði fyrir afnot hússins aftur í tímann og gæti féð verið framlag til Launasjóðs myndlistarmanna.

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík hefur lengi stefnt að því að innrétta gestavinnustofu í húsnæði sínu að Korpúlfsstöðum. Sakir fjárskorts hefur ekki verið unnt að ganga svo frá húsnæðinu að sæmami sé að bjóða það gestum. Því ályktar myndlistarþing að borgaryfirvöld ættu að veita styrk til þessa verkefnis.

Stjórn myndlistarþings vill koma því á framfæri að bygging gestavinnustofu fyrir erlendan listamann á vegum Norrænu myndlistarmiðstöðvarinnar er vel á veg komin í Hafnarborg í Hafnarfirði og talsverðu fé hefur verið varið til hennar frá Norræna menningarsjóðnum. Ísland hefur verið nokkuð seint á sér að fullnægja þessari kvöð sem nú er létt af ríkissjóði. Hlýtur því að teljast eðlilegt að nokkuð komi frá opinberum aðilum á móti.